

Ferli raunfærnimats gert rafrænt í INNU

IDAN hefur fengið styrk úr Fræðslusjóði til að gera allt ferli raunfærnimats rafrænt og tengja við INNU. Verkefnið er samstarfsverkefni Advanía og IDUNNAR. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og Menntamálastofnun koma að verkefninu með ráðgjöf og eiga sína fulltrúa í stýrihópi.



Um er að ræða raunfærnimat á mótí námskrám framhaldsfræðslunnar, námskrám framhaldsskóla og raunfærnimat á mótí viðmiðum atvinnulífsins. Verkefnið felur í sér þróun nýrra tæknilausna og verður kerfið rekið miðlægt hjá Advanía í vottuðu rekstarumhverfi. Ávinningur framkvæmdaaðila er mikill og verður allt utanumhald, skráning og eftirfylgni auðveldari með því að hafa ferlið í órofinni keðju og hlýst af mikil vinnuhagræðing. Með því að gera öll skref í raunfærnimatsferlinu rafræn verða gæði framkvæmdar einnig betur tryggð.

Aðgengilegt öllum sem framkvæma raunfærnimat

Þegar kerfið verður tilbúið mun FA bera ábyrgð á og hafa umsjón með uppfærslu allra matslista. Niðurstöður raunfærnimats verða þátttakendum aðgengilegar á mínum síðum á island.is. Allir framkvæmdaaðilar raunfærnimats fá aðgang að kerfinu. Fræðsluaðilar sem eru í samstarfi við Fræðslusjóð geta nýtt sér rafrænt ferli raunfærnimats endurgjaldslaust til 1.6.2022. Vinna við verkefnið er hafin og verður kerfið tilbúið til tilraunakeyrslu eigi síðar en 31.12.2020.

Verkefnið verður kynnt á örfundi í ágúst, fundarboð verður sent samstarfsaðilum.

Framkvæmd raunfærnimats 2020

Listi yfir raunfærnimatsverkefni og hverjir framkvæma þau árið 2020 er nú aðgengilegur á vef FA. Þetta er meðal annars gert svo notendur vefsins [Næsta skref](#) geti auðveldlega nálgast framboð raunfærnimats á hverjum tíma. Eftir sem áður verður listi yfir úthlutanir úr Fræðslusjóði birtur á vefnum. [Raunfærnimat í framkvæmd 2020](#).

Raunfærnimat á mótí viðmiðum atvinnulífsins – staða verkefnis

Raunfærnimati er nú lokið í þremur störfum af fimm í nánu samstarfi við fyrirtæki, en töluverð röskun hefur orðið á framkvæmd þess m.a. vegna COVID 19. Það á sérstaklega við um þau tvö störf í ferðapjónustu sem farin voru af stað. Unnið er að öflun endurgjafar frá þeim sem komið hafa að verkefninu til að draga fram lærdóm af því sem lýst verður í lokaskýrslu. Fyrirtækin hafa sýnt ferlinu mikinn áhuga. Sú færni sem metin er verður vottuð á þrepi, þannig að þátttakendur fá í hendur plagg sem lýsir hæfni þeirra í starfi. Það gefur jafnframt fyrirtækjunum skarpari yfirsýn á þá hæfni sem starfsfólk býr yfir og hvar finna megi sóknarfæri til hæfnipróunar. Lesa má nánar um verkefnið í ársskýrslu FA [hér](#).